

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 14. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-68/2012:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 19. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst úrbóta á galla eða riftunar.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 20. október sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 3. október. Með bréfi, dags. 4. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 8. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 31. október, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og fylgigögnum með henni kemur fram að álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 17. ágúst 2012. Var bifreiðin af gerðinni Ford Focus Trend, árgerð 2005, fyrst skráð hinn 18. júlí 2005 og við kaupin var bifreiðin, að sögn álitsbeiðanda, ekin 133.000 km. Var kaupverð kr. 1.275.000, en álitsbeiðandi segist muna að ásett verð hafi verið kr. 1.390.000. Að sögn álitsbeiðanda er verðmat umboðsaðila bifreiðarinnar á samskonar bifreiðum hins vegar kr. 950.000. Kaupin fóru fram í gegnum bifreiðasölu.

Samkvæmt álitsbeiðanda varð bifreiðin óökufær hinn 3. september sl. þegar einungis var búið að aka henni „1, max 2 tanka“. Fram kemur að túrbína bifreiðarinnar sé ónýtt og að álitsbeiðandi telji það vera leyndan galla á bifreiðinni. Þá telur álitsbeiðandi að skynjarar séu einnig mögulega ónýttir vegna smits frá túrbínu.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er m.a. bilanagreining frá umboðsaðila bifreiðarinnar, dags. 10. september. Þar segir orðrétt:

„Bíll alveg kraftlaus. Söngur og glamur frá túrbínu. Er ekkert að blása. Mikið slag í öxli og blöð uppeydd. Þarf að skipta um túrbínu. Þarf að skipta um barka að túrbínu, festingar brotnar og búið að festa með plastböndum. Mikið smit á röri frá túrbínu að millikæli, búið að sjóða rör saman. Þarf að athuga loftsúu og fl. Varahlutir settir inn á verk.“

Þá fylgir álitsbeiðni smurbók bifreiðarinnar. Þar kemur fram að bifreiðin hefur verið smurð reglulega frá upphafi, en síðasta smurning mun hafa farið fram hinn 18. apríl 2012 þegar bifreiðinni hafði verið ekið 121.604 km. og að næsta smurþjónusta skyldi fara fram þegar bifreiðinni hefði verið ekið 131.600 km. Eins fylgir álitsbeiðni kaupsamningur og afsal, dags. 17. ágúst 2012. Þar kemur fram að bifreiðinni hafi við sölu verið ekið 129.000 km.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði fyrir úrbætur á meintum galla, eða að kaupunum verði rift.

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda er rakið að umrædd bifreið hafi verið seld álitsbeiðanda hinn 17. ágúst sl. Hafi uppsett verð verið kr. 1.450.000 en kaupverð hafi verið kr. 1.275.000. Þar sem um díselbifreið sé að ræða sé gangverð nokkuð herra en á bensínbifreiðum. Segir seljandi að við söluna hafi bifreiðin verið falleg, vel við haldið, á álfelgum, með loftkælingu, rafmagn í rúðum og speglum o.fl.

Seljandi segir að í byrjun september sl. hafi álitsbeiðandi sett sig í samband við sig og spurt að því hvort vélin hefði einhvern tíman ekki komist yfir 3.100 snúninga á mínútu. Segist seljandi hafa svarað þeirri spurningu neitandi og hafi mælt með því við álitsbeiðanda að hann færi með bifreiðina til umboðsaðila. Segir seljandi að nokkrum dögum síðar hafi bifreiðasali, sá er hafði milligöngu um kaupin, haft samband við sig og tjáð sér að álitsbeiðandi vildi rifta kaupunum þar sem túrbína bifreiðarinnar væri biluð eða ónýtt. Hafi seljandi ekki heyrt frekar frá álitsbeiðanda fyrr en hann fékk bréf frá kærunefndinni.

Seljandi rekur að umrædd bifreið hafi alltaf verið í góðu viðhaldi hjá útibúi umboðsaðila á Akureyri og svo í Reykjavík. Hafi bifreiðin, á meðan hún var í eigu hans, verið smurð reglulega og öllu viðhaldi sinnt. Talsverður viðhaldskostnaður hafi verið af bifreiðinni undanfarið ár en seljandi telur sig hafa verið í góðri trú um að bifreiðin væri í lagi þegar hann seldi hana, enda hafi hún verið skoðuð 13. ágúst sl. án athugasemda, eða þremur dögum áður en hún var seld. Þá hafi verkstæði umboðsaðila gefið bifreiðinni góða umsögn við síðustu skoðun þar.

Seljandi segir að áður en sala bifreiðarinnar fór fram hafi álitsbeiðandi prufukeyrt bifreiðina og ekki gert neinar athugasemdir í kjölfarið. Telur álitsbeiðandi að hafi túrbína verið biluð hefði það ekki leynt sér þar, né við áðurnefnda bifreiðaskoðun sem fór fram nokkrum dögum fyrr. Þá hefi ekki verið að finna neinar bilanatilkynningar frá tölvu og allur akstur og vinnsla í mjög góðu lagi, enginn olíuleki hafi verið á bifreiðinni og enginn olíufeykur verið frá vél, en slíkt muni vera tíðkanlegt þegar túrbína bifreiðar er biluð. Segist seljandi við kaupin hafa bent álitsbeiðanda á að mikilvægt væri að smyrja bifreiðina, enda hafði seljandi sjálfur gætt mjög vel að því. Segir seljandi að samkvæmt gögnum frá álitsbeiðanda hafi þessari ábendingu ekki verið fylgt.

Að mati seljanda ber hann enga ábyrgð á óhappi álitsbeiðanda eftir að kaup fóru fram enda hafi hann selt bifreiðina í góðri trú um að hún væri í góðu ásigkomulagi. Sé almenna reglan í bifreiðaviðskiptum sú að við kaupin taki kaupandi við áhættunni af því að eitthvað kunni að bila í bílnum, sbr. lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Álitsbeiðandi hafi skoðað og prufukeyrt bifreiðina áður en kaupin fóru fram og engar athugasemdir aðrar en þær að hann væri mjög sáttur við bifreiðina, gott væri að aka henni og vinnsla hennar góð. Seljandi kveðst hafa upplýst álitsbeiðanda um þær viðgerðir sem gerðar hefðu verið á bifreiðinni á síðastliðnu ári hjá umboðsaðila. Álitsbeiðanda hefði mátt vera ljóst að vænta mætti einhvers viðhaldskostnaðar í komandi tíð, enda bifreiðin orðin 7 ára gömul, ekin um 130.000 km. og ekki hægt að ætlast til þess að allir hlutir í bifreiðinni væru óslitnir. Þetta hafi seljandi bent honum á og hann ekki gert neinar athugasemdir við það. Telur seljandi að hafi eitthvað amað að bifreiðinni hefði álitsbeiðanda borið að láta sig eða umboðsaðila bifreiðarinnar vita strax. Það hafi hann þó ekki gert fyrr en tæpum þremur vikum eftir kaupin, eftir að hafa ekið bifreiðinni um 2.000 km.

Segir seljandi að þeir bifvélavirkjar sem komið hafi að viðgerðum á bifreiðinni séu einróma um að ekkert hafi gefið til kynna að túrbínan væri léleg. Sömu aðilar séu sammála um að einfaldlega sé um að ræða óhapp sem geti hent alla sem eiga eldri bifreiðar. Túrbínur séu þannig íhlutur að annaðhvort séu þær í lagi eða ekki og ekki fari á milli mála þegar þær bili.

Að lokum segist seljandi hafna kröfum álitsbeiðanda og telur fráleitt að túrbínan hafi verið gölluð þegar sala bifreiðarinnar fór fram.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er m.a. að finna samantekt yfir þær viðgerðir sem framkvæmdar voru á bifreiðinni meðan hún var í eigu seljanda. Fremst í samantektinni er að finna skjal, undirritað af verk- og tæknistjóra bifreiðumboðsins sem kom mestan part að viðgerðum á bifreiðinni. Þar segir að samkvæmt meðfylgjandi bilana- og viðgerðarlýsingum sé ekki hægt að benda á nokkuð sem gefi til kynna bilun í túrbínu.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda, sem handskrifaðar eru ofan í þau gögn sem bárust frá seljanda, er í fyrsta lagi því mótmælt að uppsett verð á bifreiðinni hafi verið kr. 1.450.000. Hið rétta sé að uppsett verð hafi verið kr. 1.390.000. Þá bendir álitsbeiðandi á að við bifreiðaskoðun sé aðeins skoðaður öryggisbúnaður bifreiða, en bifreiðin ekki tölvulesin og því standist ekki fullyrðing seljanda um að bifreiðin hafi á þeim tímapunkti ekki gefið frá sér neinar bilanatilkyningar til tölvu. Álitsbeiðandi segir það og rangt að búið hafi verið að aka bifreiðinni 2000 km. þegar hann tilkynnti seljanda um galla, hið rétta sé að bifreiðinni hafi einungis verið ekið um 1500 km. Samkvæmt skoðunarvottorði bifreiðarinnar dags. 13. ágúst, fjórum dögum fyrir kaup, var bifreiðin ekin 132.747 km. Bifreiðin sé nú ekin 134.464 km., þ.e. 1.717 km. betur og þá er ekki dreginn frá akstur seljanda þar til kaupin fóru fram.

Álitsbeiðandi segir orð seljanda um að engar athugasemdir hafi verið gerðar við túrbínu af hálfu umboðsaðila þegar bifreiðin var skoðuð þar, ekki standast. Fram komi á bls. 10 í fylgigögnum seljanda að raunar hafi slíkar athugasemdir verið gerðar. Í téðu skjali, sem mun vera frá 17. febrúar 2012 stendur m.a. að bifreiðin hiksti eftir síðustu viðgerð. Bendir álitsbeiðandi sérstaklega á að í skjalinu komi fram að við prufuakstur bifvélavirkja hafi komið, við akstur á u.þ.b. 80 km. hraða þar sem vél var í um 2000 snúningum, eins og sterk vindhviða á bifreiðina. Telur álitsbeiðandi þetta stafa af því að túrbínan hafi verið að fara í gang og það ekki með eðlilegum hætti. Við lestur tölvu hafi m.a. villuskilaboðin P0299-21-PCM lack of power turbo sticking og telur álitsbeiðandi þetta benda til þess að spaðar í túrbínu rekist í. Þá bendir álitsbeiðandi á að orðrétt í sama skjali segir: „Möguleiki að túrbína sé að stirðna ???, eig. fór með bell+ í tank.“ Þá telur álitsbeiðandi ekki rétt með farið hjá seljanda að túrbínur séu þannig íhlutir að þær annað hvort séu í lagi, eða ekki. Að auki telur álitsbeiðandi ómögulegt að hægt sé að skemma upprunalega túrbínu á svo stuttum tíma sem umráð hans yfir bifreiðinni hafa varað.

Hvað varðar smurningu á bifreiðinni segist álitsbeiðandi hafa álitid að skv. smurbók bifreiðarinnar, sem hann raunar telur vera nokkuð villandi, hefði hún síðast verið smurð í 131.600 km. Þá hafi hann ekki getað séð af límmiða í framrúðu bifreiðarinnar, hvenær ætti næst að smyrja hana.

## VI

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. laganna.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 17. ágúst 2012 fyrir kr. 1.275.000. Bifreiðin er árgerð 2005, af gerðinni Ford Focus Trend og fyrsti skráningardagur hennar 18. júlí 2005.

Bifreiðin var því rúmlega sjö ára á kaupdegi og hafði verið ekið 129.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali. Það athugast hins vegar að kílómetrastaða bifreiðarinnar er nokkuð á reiki og fæst þessi kílómetrastaða bifreiðarinnar skv. kaupsamningi og afsali vart staðist í ljósi þess að skv. skoðunartvörf bifreiðarinnar, dags. 13. ágúst sl., var bifreiðin þá ekin 132.747 km. en það var nokkrum dögum fyrir kaup.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 17. ágúst 2012 segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitshandlinga undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin.

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærufélag lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að alls óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um bilun á túrbínu bifreiðarinnar, eða að sú bilun hafi verið yfirvofandi. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi átt sér stað í þessu tilliti og því ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitshandlinga hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir að rúmum tveimur vikum eftir kaup, kom í ljós að

túrbína bifreiðarinnar var ónýtt. Hafði bifreiðinni þá verið ekið um 1.500 til 2.000 km. frá kaupunum og af því er af gögnum máls má ráða, um 3.000 km. fram yfir ráðlögð olíuskipti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verið á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverið á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verið á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefndin telur, að þótt bifreiðin hefði verið skoðuð og metin af óháðum aðila, teljist afar ólíklegt að galla á túrbínu hefði orðið vart við slíka skoðun. Þá telur kærunefndin ekki koma að sök, eins og málum hér háttáð, að bifreiðin hafi verið komin fram yfir olíuskipti. Þegar litið er til þess að rétt rúmar tvær vikur liðu frá kaupum og þar til túrbína bifreiðarinnar bilaði og þrátt fyrir að bifreiðinni hafi verið ekið nokkuð ríflega á þeim tíma, eða um 1.500 – 2.000 km., telur kærunefndin það hafið yfir skynsamlegan vafa að ástand túrbínunnar hafi verið orðið afar slæmt þegar kaupsamningur var gerður hinn 17. ágúst sl. Ekki verður hins vegar álitid að seljandi hafi verið grandsamur um þetta enda afar erfitt að meta hvert ástand túrbínu er með einföldum hætti. Þegar litið er til eðlis bilunarinnar og kostnaðar við úrbætur, en hann er skv. athugun kærunefndarinnar um kr. 370.000, telur kærunefndin óumflýjanlegt að álita bifreiðina gallaða í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Að mati kærunefndarinnar er í máli þessu rétt að seljandi veiti álitsbeiðanda afslátt af bifreiðinni, en kærunefndin telur ekki, eins og mál þetta sé vaxið, að sá galli sem er á bifreiðinni sé það verulegur að hann leiði til þess að heimilt sé að rifta kaupunum, en í 32. gr. laganna segir að í stað afsláttar skv. 31. gr. geti neytandi rift kaupunum nema galli sé óverulegur. Þetta þýðir einfaldlega það að gallar verða að vera töluverðir til að riftun geti náð fram að ganga. Um afslátt fer skv. ákvæðum 26. gr. og 31. gr. laganna. Sá afsláttur þykir hæfilega metinn kr. 200.000 og er þá litið til þess að bifreiðin sé orðin sjö ára gömul og ekin yfir 130.000 km. og því mátti álitsbeiðandi búast við því að fyrr eða síðar kæmi til kostnaðarsamra viðgerða og viðhalds á bifreiðinni.

## VII

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda X, kr. 200.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir